

## Kvenhygl

Ég var svo lánsamur að geta innritast í húsmæðraskóla, en hafnað af Kvennaskóla. Kynið var rangt. Þá var réttindabaráttan gegn feðraveldinu tiltölulega skammt á veg komin. Fáum hugkvæmdist að skipta um kyn á þeim árum. Flestir virtust vera í réttum líkama. Samtímis baráttu fyrir "jafnrétti" kvenna, háðu kvenréttindahreyfingar og kvenfrelsunarhreyfingar baráttu fyrir aðgengi kvenna að mennta- og háskólum og sérskólum fyrir konur; þ.e. kvennaskólum og húsmæðraskólum. Sömu hreyfingar börðust fyrir kosningarétti handa konum, ekki karlmönnum. Konur börðust fyrir aðgengi kvenna að hefðbundnum vettvangi karla. Samtímis nýjum réttindum vildu þær halda í þau gömlu. Enn krefjast þær almennt barnanna við skilnað, ofurhárra barnameðlaga í skjóli framfærsluskyldu og -hefðar karla og með skírskotun til hærri launa þeirra (sem ræðst af starfsvali og vinnuframlagi og drepur þá fyrir).

Á sama grundvelli er krafist framfærslueyris, eftir skilnað. Í tilhugalífinu borga karlar enn brúsann. Húsmæðraorlof er enn eitt dæmið um kvenhygl. Ætli kvenfrelsunardrottningarnar, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, Sjálfstæðisflokki, og Katrín Jakobsdóttir, VG, muni berjast fyrir því, að sveitarsjóðir greiði hliðstætt framlag til húsfæðra, sem vilja hvíla sig á amstri heimilisins - og ferðast út og suður með öðrum húsfæðrum?

[https://www.frettabladid.is/frettir/gardabaer-borgar-husmaedraorlof-med-obragd-i-munni/?utm\\_medium=Social&utm\\_source=Facebook#Echobox=1621581640](https://www.frettabladid.is/frettir/gardabaer-borgar-husmaedraorlof-med-obragd-i-munni/?utm_medium=Social&utm_source=Facebook#Echobox=1621581640)